



**ÖSKJULEIÐ, F88**  
**Um Lindaá**  
Kynning framkvæmda

Magnús Björnsson



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri  
Maí 2006



**ÖSKJULEIÐ  
Um Lindaá**

	<b>VEGAGERÐIN</b>		<b>ÖSKJULEIÐ</b> Um Lindaá	
	Hannað			
	Teikn.	Mai 2006		
	Yfirf.			
Samb.		<b>YFIRLITSKORT</b>		1/1

## Inngangur

Undanfarin ár hefur Jökulsá á Fjöllum lagst til vesturs að Lindahrauni nyrst í Herðubreiðarlindum. Áin hefur með þessu skemmt það svæði sem fjallvegur F88 hefur legið um og bendir flest til þess að áin haldi áfram að leggjast vestur að Lindahrauni. Árið 2000 olli Jökulsá miklu landrofi nyrst í Herðubreiðarlindum. Hreif áin með sér rútu með 14 manns og lá við stórslysi. Eftir þetta atvik var lögð ný slóð sunnar og hefur þurft að færa vaðið einu sinni eftir það. Nú er svo komið að Jökulsá er farin að valda vandræðum á þeim stað sem vaðið er nú.

## Núverandi leið

Núverandi vað yfir Lindaá er um tiltölulega mjóan hrygg úr lausri mól. Ef vikið er af leið, m.a. ekið skammt ofan brots í ánni eins og megin reglan er, lenda bílar í erfiðleikum vegna meira vatnsdýpi og hliðarhalla. Draga hefur þurft bíla upp úr ánni talsvert oft undanfarið og hafa bílar orðið fyrir tjóni vegna þessa. Loka hefur þurft leiðinni inn í Herðubreiðarlindir vegna vatnavaxta. Mikil umferð ferðamanna er um Öskjuleið (F88) yfir sumarmánuðina.

## Tillögur að úrbótum

Starfsmenn Vegagerðarinnar fóru ásamt starfsmönnum Umhverfisstofnunar og formanni Ferðafélags Akureyrar að skoða aðstæður í ágúst 2005. Niðurstöður skoðunarferðarinnar voru að þrjú möguleikar komu helst til greina.

1. Mögulegt er að styrkja núverandi vað eða setja ræsi á sama stað. Það er þó talin vera skammtímalausn þar sem Jökulsá er farin að leggjast stöðugt vestar.
2. Mögulegt er að byggja varnargarð sem nær frá eyrinni sem flugvöllurinn er á og niður undir núverandi vað. Þessi garður yrði um 3 km langur. Í slíkan grjóttgarð þarf grjót í miklu magni. Ekki hefur verið kannað með möguleika á grjótnámi en ljóst er að slíkur garður er varla raunhæfur vegna mikils kostnaðar. Skv. frumathugun Vegagerðarinnar yrði sá kostnaður a.m.k. 90 Mkr.
3. Einnig hefur verið kannaður sá möguleiki að færa vaðið talsvert sunnar, um 3,4 km frá núverandi vaði. Aðstæður til lagningar á nýjum slóða eru þokkalegar á þessum stað, ekki verri en þar sem slóðir hafa verið lagðar um hraunið norðar. Hér er um langtímalausn að ræða og er talið að þessi staður sé öruggur fyrir vatnavöxtum í Jökulsá á Fjöllum næstu áratugi. Lindaá er á þessum stað um 90 cm djúp þannig að setja þarf ræsi á þessum stað. Gert er ráð fyrir þremur roraræsnum, 3.0 m í þvermál sem yrðu grafin að hluta niður í árbotninn. Vegagerðin telur koma til greina að færa vaðið og setja ræsi líkt og lýst er hér að ofan. Meðfylgjandi yfirlitsmynd sýnir mögulega lega slóða.

## Efnistaka

Gert er ráð fyrir að efni verði tekið úr áreyrunum nálægt Jökulsá, austan við fyrirhugað ræsi í Lindaá. Áætluð efnispörf er um 10.000 m<sup>3</sup>. Fyrirhugaður efnistökuastaðir er í malarstall nálægt Jökulsá á Fjöllum og úr farvegi Jökulsár skammt frá núverandi vaði. Efnistökuastaðir munu ekki verða mjög sýnilegir frá vegslóða.

## Áhrif framkvæmdar

Gera þarf nýjan 3.4 km langan vegslóða um hraunið vestan Lindaár frá núverandi vaði að nýja vaðinu, ásamt 1.5 km löngum slóða eftir sléttum melum þaðan að skálum í Herðubreiðarlindum. Slóðin eftir hrauninu mun verða 4.0 m breið á 30 – 50 sm hárrí fyllingu úr aðfluttu malarefni og fylgja landslagi hraunsins. Hraunið verður hvergi rífið niður né því

raskað á annan hátt, en slóðin öll gerð úr aðfluttu malarefni. Slóðinn mun liggja um hraunið allfjærri grónum svæðum meðfram Lindánni og mun því ekki hafa áhrif á lífríki þar.

Starsmenn Umhverfisstofnunar hafa lýst áhyggjum sínum af áhrifum ræsis á fisk og annað lífríki Lindaár. Vegagerðin telur ekki að ræsi muni hafa teljandi áhrif á Lindaána. Farvegur þrængist lítillega um ræsið en ræsarör verða að hluta til grafin í botninn þannig að botngerð mun haldast svipuð. Botn Lindaár skerðist lítillega við að setja ræsi en sama má segja um vað þar sem umferð veldur stöðugu raski á botninum og kemur hreifingu á botnset. Að auki hverfur hættan á að bílar festi sig í ánni með tilheyrandi hættu, óþægindum, raski og oft tjóni á tækjum auk hættu á mengun t.d. vegna olíu.

Starfsmenn Umhverfisstofnunar hafa lagt til að umferð verði ekki hleypt á svæðið fyrr en eftir 16. júní ár hvert til að hafa sem minnst áhrif á varp fugla á svæðinu. Ekki er talið ráðlegt að fara í framkvæmdir fyrir þann tíma af sömu ástæðum.

## Matsskylda

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, viðauka 2 lið 10c. þar sem um er að ræða veg utan þéttbýlis á verndarsvæði. Herðubreiðalindir eru friðlýstar sbr. Stj.tíð.B, 272/1974;

*"Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur [Umhverfisstofnun], ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Herðubreiðarlindir, Grafarlönd og Herðubreið í Ódáðahraun í Suður-Þingeyjarsýslu og er svæðið friðland.*

*Mörk hins nýja friðlýsta svæðis eru þessi:*

*Frá ármótum Kreppu og Jökulsár bein lína að rótum Herðubreiðar þar sem hún nær lengst í suðaustur, (2) þaðan vestur, norður og austur með fjallsrótum þangað sem þær ná lengst í norðaustur og (3) síðan bein lína að Jökulsá um hátind Fremstafells. (4) Að austan ræður Jökulsá."*


Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila.

## Aðgerðir á framkvæmdartíma

- Framkvæmdir munu ekki hefjast fyrr en eftir 16. júní til að lágmarka áhrif á fuglalíf.
- Við gerð slóða um Lindahraun verður þess gætt að rask verði sem minnst og bundið við sjálfan slóðann.
- Efnistöku verður þannig háttáð að efnistökusvæðið sjáist sem minnst frá slóða.
- Fylgst verður með því að ekki leki olía eða glussi úr vinnuvélum á svæðinu.
- Haft verður samráð við Umhverfisstofnun um framkvæmdirnar og endanlega legu slóðar.





			 <b>VEGAGERDIN</b>		F88 Öskjuleið um Lindaá	
			MELIKV. 1:15000	Hannað Teikn.	Grunnmynd	
Dags.	Breyting	Breytt af		Yfirf.		
				Samp.		



Vegur sem eyðilagðist 2000

Vað frá júlí 2000

Vað frá júlí 2005

Horft norður með austurjaðri Lindahrauns út yfir Jökulsá þ. 21.07.05

